



FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í framkvæmdaráði SSA fimmtud. 20. jan. 2011.

Fundarstaður: Ráðhúsið á Reyðarfirði. Hófst kl. 14:00.

Fundinn sátu: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson, Páll Baldursson og Bj. Hafþór Guðmundsson frkvstj. SSA. Valdimar stýrði fundi.

Fundarefni:

1. Menningarsamningur (drög frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu). Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi Austurlands, mætti á fundinn undir þessum lið og lagði fram ýmis gögn. Í fyrirbyggjandi drögum að framangr. samningi milli sveitarfélaga á starfssvæði SSA og tveggja ráðuneyta, kemur fram að framlög menningarmálaráðuneytis 2011 kæmu til með að lækka mest hér eystra, eða í 26,1 milljón króna. Við bætast 6 milljónir í styrk frá iðnaðarráðuneytinu. Gengi þetta eftir yrði lækkan frá árinu 2009 15,9 millj. króna, eða sambærileg fjárhæð og runnið hefur árlega til menningarmiðstöðvanna á Austurlandi undanfarið. Ítarleg umfjöllun varð um málið. Páli Björgvin Guðmundssyni bæjarstjóra var boðið inn á fundinn, en ein af menningarmiðstöðvunum er í Fjarðabyggð. Fyrir liggur að boðað hefur verið til fundar í Menningarráði Austurlands mánud. 24. jan. og þar verður mál þetta að sjálfsögðu til umfjöllunar. Ákveðið var að halda framkvæmdaráðinu upplýstu um gang mála og form. stjórnar og frkvstj. SSA jafnframt veitt heimild til að koma að gerð athugasemda í samráði við Menningarráðið og/eða ganga frá sérstökum athugasemdum f. h. SSA. (Hér viku PBG og SO af fundinum).
2. Upplýsingar um fjarvinnslu á Austurlandi. Fyrir fundinum lá samantekt á vegum Þróunarfélags Austurlands, en hún hefur einnig verið send aðildarsveitarfélögum SSA. Lögð fram til kynningar.
3. Íbúaþróun á Austurlandi. Fyrir fundinum lágu 3 skjöl, sem lögð voru fram til kynningar:
 - a) Mannfjöldi á Austurlandi eftir sveitarfélögum 1990 – 2010.
 - b) Mannfjöldi á Austurlandi eftir byggðakjörnum 1997 – 2008.
 - c) Útreikningur Ástu Þorleifsdóttur á „kynjahalla“ á Austurlandi 1. des. 2010.
4. Tilnefning í vinnumarkaðsráð Austurlands á grundvelli erindis frá velferðarráðuneyti. Tilnefna skal 1 karl og 1 konu. Ákveðið var að tilnefna Valdimar O. Hermannsson og Sigrúnu Blöndal.
5. Frv. til laga um Þjóðskjalasafn Ísl. Fyrir fundinum lágu fyrir athugasemdir Hrafnkels Lárussonar hjá Héraðsskjalasafni Austurlands, dags. 21. des. 2010, f.h. þar tilgreindra héraðsskjalavarða á Íslandi. Ennfremur athugasemdir sömu aðila, sem sendar voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið 30. des. 2010. Formanni og frkvstj. falið að taka undir athugasemdir vegna málsins og koma þeim m.a. á framfæri við þingmenn NA-kjördæmis.



6. Tímasetning aðalfundar SSA haustið 2011, sem haldinn verður á Fljótsdalshéraði. Af ýmsum ástæðum er æskilegt að ákveða tímasetninguna sem fyrst. Ákveðið var að mæla með því við stjórn að fundurinn verði **annað hvort** föstud. 23. og laugard. 24. sept. **eða** föstud. 30. sept. og laugard. 1. okt.
Eftirtaldar fundargerðir undir liðum 7 – 10 voru lagðar fram til kynningar:
7. Fundargerð Samb. ísl. sveitarfélaga 10. des. 2010. (Fundur nr. 782).
8. Stjórnarfundir SASS 10. des. 2010 og 14. jan. 2011 . (Fundir nr. 439 og 440).
9. Stjórnarfundur Eypings 14. des. 2010. (Fundur nr. 219).
10. Stjórnarfundur SSV 10. jan. 2011.
11. Samráðsfundur framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga og sviðsstjóra og framkvæmdastjóra Samb. ísl. sveitarfélaga 11. jan. 2011. Frkvstj. SSA gerði grein fyrir fundinum, en auk þess er von á minnisblaði vegna hans úr höfuðstöðvum Sambandsins.
12. Fjallað var um stöðu mála við 3 verkefni á vegum SSA, sem tengjast starfinu:
 - a) AST (Austfirzkar stoðstofnanir).
Vinnufundur nr. 2 verður haldinn 26. jan. 2011.
 - b) AE (Austfirzk eining)
Vinnufundur nr. 1 var haldinn 6. jan. s.l. Næsti fundur hefur verið ákveðinn 11. feb. Fundargerð frá fundinum 6. jan. hefur verið send öllum hlutaðeigandi.
 - c) S 20 20 (Sóknaráætlun). Verkefnið hefur ekki verið beint á borðum SSA, en SSA var virkur þátttakandi í því í gegnum samstarf á landsvísu. Í kjölfar nýlegrar skýrslu þar um virðist verkefnið að vera að fara aftur í gang.
13. Önnur mál.
Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15.50.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.